

# Kynningarbréf og stefnuyfirlýsing

Framboð til forseta Skáksambands Íslands

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir

## Kynning

Ég, undirrituð, býð mig hér með fram til embættis forseta Skáksambands Íslands. Undanfarin fimm ár hef ég starfað í þágu hreyfingarinnar sem varaforseti sambandsins, formaður kvennaskáknefndar og formaður stjórnar Skáksskóla Íslands. Ég hef einnig kennt skák um árabil og unnið með félögum á borð við Helli (Huginn), taflfélag Garðabæjar, Fjölni, Skáksskóla Íslands og nýverið Haukum. Ásamt því hef ég einnig komið að undirbúningi og stjórnað helstu barnamótum Skáksambandsins síðastliðin ár.

Ástríða mín hefur frá unga aldri legið í að efla og byggja upp skákstarf – ekki síst meðal kvenna og barna. Ég hef lagt mig fram við að skapa heilbrigt og öruggt umhverfi fyrir iðkendur og beitt mér fyrir fræðslu, stefnumótun og umbótum. Að auki hef ég unnið að bæta aðstöðu fyrir iðkendur í húsnæði Skáksambandsins. Með bakgrunn í sálfræði – grunnnámi sem ég lauk árið 2018 og meistaranámi í klínískri barnasálfræði sem ég lauk árið 2023 – hef ég aukið skilning minn á þörfum barna og unglunga og gildi þess að styðja við þau á þeirra forsendum.

## Börn og unglingar

Ég hef unnið ötullega að barna- og unglingastarfi síðustu sjö ár sem kennari og mótastjóri. Ég tel brýnt að:

- Styðja betur við barnastarf félaganna í samstarfi við Skáksskóla Íslands
- Tryggja að börn fái tækifæri til að keppa á mótum við hæfi
- Veita afreksbörnum tækifæri til þátttöku í erlendum mótum
- Efla Skáksskóla Íslands enn frekar í ljósi breytts starfsumhverfis
- Gera æfingar aðgengilegar fyrir börn á landsbyggðinni með aukinni tækninotkun

Ég hef jafnframt beitt mér fyrir banni við neyslu áfengis í kringum mót og viðburði þar sem börn eru og talað fyrir jákvæðari umræðu og bættum samskiptum í skákheiminum.

## Konur og stúlkur

Eitt helsta baráttumál mitt hefur verið að bæta aðstæður kvenna og stúlkna í skák. Þar má nefna:

- Umbætur á Íslandsmóti kvenna og stúlkna
- Aukna þjálfun fyrir kvennalandsliðið
- Fræðsla um hindranir sem stúlkur mæta í skákumhverfinu
- Hvatning til þátttöku og efling öryggis og trausts

Fjöldi stúlkna og kvenna með skákstig hefur ríflega tvöfaldast á síðustu þremur árum – en þrátt fyrir þann árangur er enn verk að vinna.

## Landsbyggðin

Áhersla mín hefur verið á að jafna aðgengi að skákstarfi og bæta tengsl höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Þar má nefna:

- Eflingu tæknivæðingar Skákskólans
- Fjölgun keppenda af landsbyggðinni
- Stuðning við mótahald utan höfuðborgarsvæðisins (skákstjórn, útsendingar, búnaður og fjárhagsstuðningur)

Sem forseti SÍ vil ég halda áfram að efla þetta mikilvæga starf og tryggja að skákmenn um allt land fái að njóta góðs af öfluggu skákstarfi.

## Afreksfólk

Til að íslenskt skáklíf dafni, þarf að hlúa vel að afreksfólki okkar. Ég hef í samstarfi við landsliðsnefnd SÍ unnið að því að gerður verði skýr rammi utan um landsliðin, æfingar séu reglulegar fyrir landsliðsverkefni og að skýrari samningur sé við landsliðsþjálfara og liðstjóra. Ég vil:

- Styðja markvisst við landsliðsfólk
- Byggja enn betri ramma utan um landsliðin
- Auka sýnileika og tengingu þeirra við íslenskt skáklíf
- Tryggja faglegt og traust umhverfi í gegnum breytingar á styrktarkerfum

Við þurfum að verja það sem vel er gert og þróa áfram með framtíðarsýn og metnaði.

## Handbók, námskeið og útbreiðsla

Ég legg mikla áherslu á fagmennsku við framkvæmd skákmóta, skákæfinga og annarra skákviðburða. Í því samhengi mun ég eiga frumkvæði að því að unnin verði handbók sem fjallar um þessi atriði, sem geti orðið hverjum þeim sem vill standa fyrir skákstarfi ákveðinn leiðarvísir hvort heldur sem er taflfélögum, skólum, íþróttafélög eða öðrum aðilar. Samhliða gerð slíkrar handbókar vil ég fjölga námskeiðum, hvort sem það varðar skákkennslu/þjálfun, tæknimál, mótshald, dómgæslu o.s.frv. Ég

vil festa þessi námskeið þannig að þau verði haldin með reglulegu millibili og í samráði við taffélög landsins.

## **Varðveisla skáksögunnar**

Á síðastliðnum fimm árum hef ég, ásamt öðru áhugasömu fólki, unnið að því að varðveita og skipuleggja þær miklu sögulegu eignir sem Skáksambandið á. Ég hef endurskipulagt geymslur og gert gömul tímarit aðgengilegri. Einnig hef ég unnið að því að öll tölublöð tímaritsins Skák, ásamt Skákritinu, verði skönnuð og þannig aðgengleg öllum. Þetta er vinna sem þarf að halda áfram meðal annars með skönnun mynda, varðveislu gamalla fréttu og áframhaldandi útgáfu tímaritsins Skák.

## **Lokaorð**

Ég býð fram krafta mína í þágu áframhaldandi uppbyggingar og eflingar íslenskrar skákhreyfingar. Ég vil vera leiðtogi sem hlustar, sameinar og skapar aðstæður þar sem allir geta blómstrað – þar á meðal börn, konur, landsbyggðina, hinn almenna skákman og afreksfólk.

Með virðingu og þakklæti,

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir

Frambjóðandi til forseta Skáksambands Íslands